

Mál nr. 209/2013
(M)
og (V) v/ frjálsrar ábyrgðartryggingar (A).

Vinnuslys í álveri 5. febrúar 2012.

Gögn.

1. Málskot móttengið 29. maí 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V hf. dags. 27. júní 2013.

Málsatvik.

M slasaðist við vinnu sína hjá A. Í lögregluskýrslu kemur fram að M hafi verið að vinna á vinnuvél, svokölluðum Díseldragara með tengivagn (fleti), þegar hann ók á steiptan stólpa á vinnusvæði. M virðist hafa verið að ýta umræddum tengivagni á undan sér. Við höggið sem af áakstrinum varð féll M út úr stýrishúsi vélarinnar og slasaðist. Í umsögn Vinnueftirlits ríkisins dags. 28. febrúar 2012 kemur fram að Vinnueftirlitið telur orsakir slyssins vera þær í fyrsta lagi að M notaði ekki öryggisbelti við aksturinn og í öðru lagi að steinsteypuklumpurinn sem M ók á hafi ekki skorið sig nægilega vel úr umhverfinu og verið án varúðarmerkinga. Í þriðja lagi að draganum hafi verið bakkað með tengivagninn og farið við það yfir bingu á malbiki sem hafi leitt til þess að M hafi ekki séð steypuklumpinn og ekið á hann. Jafnframt er tekið fram í umsögninni að eðlilegra hefði verið að snúa draganum við og aka með tengivagninn (fletið) fyrir aftan hann.

M telur að slysið megi rekja til þess að aðstæður á vinnustaðnum hafi verið ófullnægjandi og á því beri A ábyrgð. Engar reglur hafi gilt um hvernig ætti að aka umræddri vinnuvél og steinsteypu stólpinn sem M hafi ekið á hafi verið ómerktur og ekki skorið sig úr í umhverfinu auk þess sem lýsing hafi ekki verið fullnægjandi. Einnig bendir M á að bætt hafi verið úr varúðarmerkingum á stólpanum eftir slysið og bendi það til þess að þær hafi ekki verið fullnægjandi. M vísar einnig til þess að engar akreinaurmerkingar hafi verið á akbrautinni og því geti V ekki haldið því fram að vinnuvélinni hafi verið ekið á öfugum vegarhelmingi. M bendir auk þess á að hann hafi ekið skv. verklagi sem þekkt hafi verið lengi hjá A og því hafi ekki verið breytt fyrr en eftir slysið.

V bendir á að M hafi unnið hjá A síðan árið 1986 og það hafi verið hluti af hans starfsskyldum að aka umræddri vinnuvél sl. 15 ár og hafi hann unnið það á öllum tímum sólarhrings. Hann þekki aðstæður á vinnustaðnum því afar vel. V vísar til þess að slysið megi fyrst og fremst rekja til þess vinnulags sem M ákvað að viðhafa þegar hann ók vinnuvélinni á rangan hátt með því að snúa henni ekki við og draga svokallað fleti á eftir sér heldur hafi M ekið með það á undan sér sem hafi leitt til þess að það byrgði honum sýn. Einnig vísar V til þess að skv. upplýsingum frá A hafi M ekið tækinu um 10 metrum fyrir utan akbraut og upp á gangstíg og það hafi leitt til slyssins en ekki skortur á varúðarmerkingum. V telur að varúðarmerkingar á umræddum steypuklumpi hefðu engu breytt og vísar því enn fremur á bug að ekki hafi verið í lagi með öryggisbelti í vinnuvélinni. V vísar einnig til þess að M hafi ekki gert athugasemdir við vinnuaðstæður þrátt fyrir að hafa unnið lengi hjá A.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýr að því hvort A, vinnuveitandi M, beri skaðabótaábyrgð á slysi M og greiða eigi því bætur úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V. M ber sönnunarbyrði um að orsakir slyss hans megi rekja til atvika eða aðstæðna sem A ber skaðabótaábyrgð á. Í málsatvikum eru rakin helstu gögn og sjónarmið aðila. Einhver stigsmunur er á lýsingum M og A um hvar nákvæmlega var ekið þegar slysið varð en ljóst er af gögnum málsins að M hafði sinnt sama verkefni margoft áður og þekkti vel aðstæður á vettvangi. Ekki er ágreiningur um að M hafi fallið úr vinnuvélinni og slasast þegar hann ók á steinsteypuklump á vinnusvæði sínu og af gögnum málsins verður ekki heldur ráðið að ágreiningur sé um að M hafi ekið vinnuvélinni þannig að hann var með tengivagn (fleti) á undan sér en hagaði akstrinum ekki þannig að hann sneri sæti vélarinnar við þannig að hann gæti dregið það á eftir sér. Af öllum gögnum málsins virtum telur

nefndin að orsakir slyssins megi fyrst og fremst rekja til þessa vinnulags M. Miðað við það verður ekki talið ljóst að varúðarmerkingar á umræddum steinsteypuklumpi, sem M ók á, hefðu haft nokkuð að segja um hvort M hefði ekið á steinsteypuklumpinn eða ekki. Aðstæður á vettvangi voru vel þekktar og þó A hafi bætt úr þeim eftir slysið verður ekki talið sannað, m.v. þau gögn sem hafa verið lögð fram og sönnunarfærslu sem hægt er að viðhafa hjá nefndinni, að slysið verði rakið til atvika eða aðstæðna sem A ber skaðabótaábyrgð á. Á M því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 13.ágúst 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.